

BORGARRÁÐ 30. september 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnaðargreiningu framtíðarskipulags skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi - R21090284

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvar kostnaðargreining þriggja möguleika á framtíðarskipulagi skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi er stödd og hvenær er að vænta niðurstöðu hennar? Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna fjölgunar nemenda að farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugarlækjarskóla og Langholtsskóla. Fulltrúi Flokks fólksins hefur spurt um framtíð skólamála í Laugardal og Laugarneshverfi í ljósi þessa. Svar við fyrirspurninni barst á fundi skóla- og frístundaráðs 28. september. Í svari kemur fram að í janúar 2021 var samþykkt að setja af stað starfshóp sem hefði það hlutverk að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi með tilliti til úrbóta í húsnæðismálum grunnskóla og frístundastarfs og koma með tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfinu. Skóla og frístundasvið stýrði hópnum en umhverfis- og skipulagssvið kom líka að vinnunni. Kostnaðargreining þeirra möguleika sem þóttu vænlegastir átti að hefjast á sumarmánuðum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um hvar kostnaðargreiningin er stödd og hvenær er að vænta niðurstöðu.